



Öryggisleiðbeiningar

(MSDS)



1 Söluheiti efnis eða vörutegundar, Nafn, heimilsfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru

Notkun:

Dreifingaraðili

Neyðarsími Framleiðanda

Eitrunarmiðstöð LSH

Ridgid high performance thread cutting oil

Skerólfa

Sindra Stál HF – Klettagörðum 12 – 104 Reykjavík – S: 575 0000

00-45-46 15 48 11

Sími: 543 2222

2 Samsetning / Upplýsingar um innihald

CAS nr.

ESB nr

Efnaheiti

Styrkur
%

Hættuflokkun

Jarðolíuúrdráttur

60 – 100

Anjónisk Tensið

1 – 5

Xn
Xi

22
36/38

* Sjá nánar 16. lið

3 Varúðarupplýsingar

Heilsa og Öryggi

Langvarandi eða endurtekin snerting við húð getur orsakað roða, kláða, ertingu, exem og útbrot. Heilsuspillandi áhrif geta magnast í notaðri olíu. Þurrkar húð.

Umhverfið

Má ekki losa í niðurfall.

4 Skyndihjálp

Hafa ber í huga

Hefðbundin umgengni við efnavöru. Ef einhverra einkenna verður vart, hafið samband við lækni.

Snerting við augu

Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni.

Snerting við húð

Berist efnið á húð skal strax farið úr fötum, sem óhreinkast hafa, og húðin þvegin með vatni og sápu. Notið handáburð á eftir. Ef efnið kemst í snertingu við sár eph, leitið lækni og sýnið ubúðir og / eða öryggisleiðbeiningar.

Við innöndun

Tryggið strax hreint loft og hvíld. Ef langvarandi einkenni koma fram, leitið þá lækni og sýnið ubúðir og / eða öryggisleiðbeiningar.

Við inntöku

Skolið munninn og drekkið mikið vatn. Fylgist vel með sjúklingi. Ef einkenni verða þrálát, leitið lækni og hafið með öryggisleiðbeiningar.

5 Bruni / Aðferðir við að slökkva eld

<i>Slökkviefni</i>	Kvoða, kolsýra eða duft.
<i>Slökkviaðferð</i>	Kælið ílát með efninu með því að úða þau með vatni. Ekki láta vatn buna á eld, því þá er hætt á því að hann breiðist út.

6 Efnaleki

<i>Varúðarráðstafanir gagnvart fólki</i>	Forðist að efnið berist á húð og í augu. Athugið að golf verða mjög hál af efninu. Varðandi persónuhlífar: sjá 8. lið.
<i>Varúðarráðstafanir gagnv. umhverfinu</i>	Efnið má ekki berast í niðuföll eða vatnsból.
<i>Hreinsun</i>	Notið dræg efni til að taka upp efnið.

7 Meðhöndlun og geymsla

<i>Meðhöndlun</i>	Forðist langvarandi og endurtekna snertingu við efnið, sérstaklega ef það er notað. Efnið skal þvo án tafar af húð með sápu/þvottakremi og vatni. Notið ekki leysiefni til að þvo efnið af. Ekk nota fatnað (þmt skófatnað) sem er óhreinkaður af efninu. Haldið ekki á tuskum sem eru bleyttar upp úr efninu. Hefðbundnar umgengnisvenjur gagnvart efnavöru skulu í heiðri hafðar.
<i>Notkun</i>	Tileinkið ykkur vinnubrögð sem koma í veg fyrir óþarfa snertingu við efnið. Forðast skal innöndun gufu. Notist eingöngu á vel loftræstum stað ef olían er heit í notkun.
<i>Geymsla</i>	Geymist í vel luktum upprunalegum umbúðum.

8 Eftirlit með mengun / Persónulegur hlífðarbúnaður

<i>Tæknilegar aðgerðir</i>	Tryggið næga loftræstingu. Forðist innöndun gufu. Tryggið aðgang að vatni, sápu (kremi) og handábúri við þeim stað sem unnið er með efnið.
<i>Persónuhlífar</i>	Persónuhlífar skal velja í samræmi við gildandi CEN staðla og í samráði við þann birgja persónuhlífa sem notaður er.
<i>Innöndun</i>	Ef loftræsting er ónæg, notið þá viðeigandi öndunargrímu (A2/P2 gerð)
<i>Hendur og hörund</i>	Notið viðeigandi hlífðarhanska (Nitríl). Athugið að olían kemst í gegnum hanskana eftir smá tíma. Skiptið því oft um hanska. Ef hætt á að efnið skvettist, skal nota viðeigandi hlífðarfatnað.
<i>Augu</i>	Notið hlífðargleraugu.
<i>Hreinlæti</i>	Þegar verki er lokið skal farið úr fatnaði sem hefur óhreinkast af efninu og þvo hendur vel með vatni og sápu/sápukremi. Fatnaður sem hefur óhreinkast af efninu skal áður en hann er notaður á ný.
<i>Umhverfið</i>	Áhrif óþekkt.

9 Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

<i>Ástand / útlit</i>	Vökvi
<i>Litur</i>	Dökkbrúnn
<i>Lykt</i>	Olíu
<i>Eðlisþyngd</i>	0,92
<i>Sýrustig</i>	--
<i>Leysanleiki í vatni</i>	Leysist ekki upp í vatni
<i>Seigja</i>	35mm ² /s (40°C)

10 Stöðugleiki og hvarfgirni

<i>Aðstæður sem skal forðast</i>	Ofhitnun.
<i>Efni sem skal varast</i>	Sterk oxíderandi efni
<i>Hættuleg niðurbrotsefni</i>	Engin sérstök.

11 Eiturfræðilegar upplýsingar

Heilsuspillandi áhrif efnisins magnast eftir að hún hefur verið notuð.

<i>Innöndun</i>	Innöndun gufu sem myndast við upphitun af efninu ertir öndunarveg og orsakar hósta og ertingu í hálsi.
<i>Inntaka</i>	Getur verið ertandi og orsakað ógleði.
<i>Snerting við húð</i>	Snerting við húð leiðir til þornunar. Langvarandi og/eða endurtekin snerting við húð getur orsakað roða, kláða, ertingu, útbrot og ertingu.
<i>Langtímaáhrif</i>	Langvarandi eða endurtekin snerting við húð getur orsakað ýmsa húðsjúkdóma, m.a. exem.

12 Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið leysis ekki upp í vatni og flýtur ofan á vatnsyfirborði. Varan brotnar ekki auðveldlega niður í umhverfinu. Varan innheldur örlítið magn af efnum sem eru skaðleg vatnalífverum.

Má ekki berast í niðurföll eða vatnsból

13 Förgun

Förgun vörunnar: Má ekki losa í niðurföll eða í umhverfið., Fargist sem spilliefnum.

Förgun umbúða Förgun samkvæmt gildandi reglugerðum.

14 Flutningur

Fellur ekki undir alþjóðlegar reglugerðir um flutning á hættulegum efnum (IMDG, IATA, ADR/RID).

15 Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar

Fellur ekki undir neinar hættumerkingar. Vörunni og umbúðum þess skal þó farga á tryggilega hátt sem spilliefnum.

16 Aðrar upplýsingar

Texti hættusetninga í lið 2 H22: Hættulegt við inntöku
H36/38: Ertir augu og húð

Vöru þessa skal geyma, umgangast og nota í sæmræmi við góðar venjur innan iðnaðar og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Þær upplýsingar sem koma hér fram eru byggðar á núverandi vitneskju framleiðanda og eru ætlaðar til að kasta ljósi á vöruna út frá öryggisjónarmiði. Það er ekki "ábyrgðarskirteini" á neinum sérstökum eiginleikum. Öll afritun þessa skjals (án leyfis framleiðanda/innflytjanda) er bönnuð, nema þegar um eðlilega notkun er að ræða vegna náms, rannsókna eða mats á áhrifum efnis/vöru á heilsu-, öryggis- eða umhverfispætti.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS (41687-41954) dagsett: 04.11.2003 frá :

Ridgid Scandinavia A/S
Karlslunde, Danmörku